

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup. (189. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heimild til útboðs erlendis.

Fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um opinber innkaup sem felur í sér að heimilt verði leitast eftir útboðum erlendis í gegnum miðlæga innkaupastofnun. Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að þær breytingar sem það hefur í för með sér stuðli að virkari samkeppni við opinber innkaup og aukinni hagkvæmni. Viðskiptaráð Íslands hefur við margt að athuga þegar ofangreint frumvarp er skoðað. Aðilar úr atvinnulífinu og hagsmunasamtök hafa, frá því frumvarpið var lagt fram, gagnrýnt áhrif þess á atvinnulíf hér og samkeppni og er tekið undir þá gagnrýni hér.

Gagnrýna verður sérstaklega að ekki hefur verið gerð úttekt eða grunnrannsókn á þeirri hagkvæmni sem ofangreindu frumvarpi er ætlað að ná fram. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki hefur verið skoðuð sú hagkvæmni eða sparnaður sem erlend útboð ættu að hafa í för með sér. Að mati undirritaðrar er það lágmarkskrafa, til aðgerða sem hafa eins viðamikil áhrif á íslenskt atvinnulíf og ofangreind tillaga, að undirbúningsvinna hafi farið fram og sýnd geti verið svart á hvítu sú hagræðing sem hún á að leiða af sér.

Sú heimild sem ofangreint frumvarp felur í sér er ekki nægilega afmörkuð né skýr eins og hún er sett fram í frumvarpinu. Um óljósa og ógagnsæja heimild er að ræða og ekki nægilega afmarkað hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar til að hún sé veitt. Nú þegar eru í gildi hér á landi reglur um útboð á Evrópska efnahagssvæðinu fari útboð yfir ákveðin viðmiðunarmörk, þær reglur ættu að tryggja þá samkeppnisstöðu sem sóst er eftir og hagkvæmni í útboðum yfir þeim mörkum. Okkur ber skylda til að bjóða út verkefni eða innkaup yfir mörkunum á öllu EES svæðinu en undir þeim er gert ráð fyrir útboðum á heimamarkaði. Ekki verður séð, né að það hafi verið rökstutt með fullnægjandi hætti í greinargerð, hvernig erlend útboð undir viðmiðunarmörkun EES útboða geti verið hagkvæm lausn.

Það sem er öllu verra er að höfundar greinargerðar með frumvarpinu virðast ekki hafa leitt hugann að þeim áhrifum sem samþykkt þess gæti haft á atvinnulífið hér á landi. Útboð með þeim hætti sem frumvarpið mælir fyrir um skekkja verulega samkeppnisstöðu þeirra íslensku aðila sem tekið hafa þátt umræddum útboðum. Með því að fara með útboð undir viðmiðunarmörkun EES út fyrir landssteinana er verið að gera íslenskum aðilum mjög erfitt fyrir að taka þátt í þeim, enda um verulega kostnaðaraukningu að ræða. Hefur þetta slæm áhrif hér á landi, bæði efnahagslega og atvinnulega. Einnig virðist ekki vera tekið mið af þeim viðbótarkostnaði og vinnu sem erlend útboð geta haft í för með sér, t.d. flutningur, utanumhald, dreifing, umsýsla o.s.frv.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands